



Fundargerð stjórnar LSS

Fundarstjóri: Magnús Smári Smáráson, formaður LSS.	Fundur nr. 270
Fundarritari: Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri	Reykjavík, 24.10.18
Mættir: Ásgeir Þórisson, gjaldkeri. Birkir Árnason, formaður fagdeildar sjúkraflutningamanna. Guðrún Hilmarsdóttir, skrifstofustjóri. Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri. Kristinn Guðbrandsson, meðstjórnandi. Magnús Smári Smáráson, formaður LSS. Sigurjón Hendriksson, varamaður í stjórn LSS. Steinþór Darri Þorsteinsson, formaður fagdeildar slökkviliðsmanna. Gestir: Undir lið 5.2 kynnti Bjarni Ingimarsson niðurstöður laganeftar Undir liðnum önnur mál kom Viðar Magnússon, yfirlæknir bráðaðþjónustu utan spítala.	Fundarstaður: Brautarholt 30 105 Reykjavík Frá kl. 10:00 Til kl. 14:48
Fjarverandi: Pétur Arnarsson, formaður fagdeildar stjórnenda.	

Dagskrá:

Nr.	Fundarefni	Ábyrgð
1.	Setning MSS setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. SDP afhenti stjórn nýjan heimasmíðaðan fundarhamar. Stjórn þakkar fyrir höfðinglega gjöf.	MSS
2.	Fundargerð síðasta fundar Fundargerð síðasta fundar var samþykkt. Lagðar voru fram eftirfarandi fundargerðir og stöðuskýrslur: <ol style="list-style-type: none">Fundargerðir Styrktarsjóðs*2Fundargerð StarfsmenntunarsjóðsStarfsyfirlit skrifstofu*2Lokaskýrsla vinnuhóps um breytt atkvæðavægiFundargerð EldvarnabandalagsinsFundarboð vegna hringferðar stjórnarFundargerð stjórnar BSRBFundargerð orlofsnefndarStöðuskýrsla vegna málþings um fræðslu- og þjálfunarmiðstöð viðbragðsaðila 29. nóvember	MSS
3.	Inntaka nýrra félaga Nýir meðlimir koma sjálfkrafa inn í félagakerfið þegar ráðningarsamningur hefur verið gerður af vinnuveitanda og teljast þeir meðlimir þegar greiðsla berst. Tveir aðilar hafa óskað eftir færslu til Félags flugvallarstarfsmanna ríkisins.	MSS



4.	<p>Starfið á milli funda:</p> <p>MSS, formaður LSS. Var í starfsnámi í Bandaríkjunum í síðasta mánuði. Reifaði þá þekkingu sem hann öðlaðist í ferðinni. Hélt reglulega símafundi með framkvæmdastjóra. Verið að undirbúa hringferðina sem farin verður í nóvember. Hefur verið að fylgjast með fjölmiðlaumræðunni varðandi kröfugerð annarra stéttarfélaga.</p> <p>ÁÞ, gjaldkeri LSS. Sat þing BSRB. Hefur verið að þoka orlofsmálum áfram.</p> <p>KG, ritari LSS. Vinna Sameining Breiðdalsvíkur og Fjarðarbyggðar og kjaramál tengd þeim.</p> <p>BÁ, formaður fagdeildar sjúkraflutninga. Fundur með ráðgjafarhóp vegna sjúkrabíla, fundur hjá fagráði sjúkraflutninga, kynning fyrir þingmenn í kjördæmavíku, fundur með velferðarnefnd Alþingis, fundur með yfirlækni bráðabjónustu utan spítala, fundur fagdeildar sjúkraflutningamanna var í sumar, fundur með Sveini Berentssyni, Sat ráðstefnuna á Björgun og sat erindi um vettvangsliða. Unnið að útfærslu vegna bílamála og utanspítalabjónustu, fundur með heilbrigðisráðherra, gerð minnisblaða. Er að undirbúa nefnd um utanspítalabjónustu innan fagdeildarinnar og mun kalla til fróða sérfræðinga til að styrkja vinnuna.</p> <p>SDÞ, varaformaður og formaður fagdeildar slökkviliðsmanna. Sat BSRB þingið, sat fund með stjórnendum Brunamálasviðs Mannvirkjastofnunar, undirbúningur og framkvæmd samstarfsnefndarfundar, Styðja við bakið á framkvæmdastjóra í kjaramálum og tekið reglulega stöðufundi. Smíðaði fundarhamar fyrir stjórnarfundi. Fundur með þingmönnum.</p> <p>SH, meðstjórnandi. Sat BSRB þingið. Vinnur í málefnum ISAVIA og vinnur með trúnaðarmönnum þeirra.</p>	MSS
5.	<p>Félagsmál</p> <p>1. Hringferð stjórnar 1. – 14. nóvember. Stjórn ákvað að fara í hringferð um landið og kynnst félagsmönnum sínum og ræða niðurstöður laganefndar, komandi kjarasamninga, gera grein fyrir störfum félagsins og hlusta á hugarefni félagsmanna tengt félaginu. Fyrirhugaður fulltrúaráðsfundur sem átti að vera í haust fellur því niður og verður á nýju ári.</p> <ol style="list-style-type: none">Dagskrá. Lögð voru fram drög að dagskrá og fundarboði og það samþykkt.Upplýsingablað. Lagt var fram upplýsingablað sem sett verður á heimasíðu félagsins til að auðvelda aðgengi félagsmanna að gögnum félagsins sem kynnt verða á fundinum. Stjórn var upplýst um að frekari stuðningsgögn verða birt á síðunni þegar nær dregur fundum.Kynning. Farið var yfir drög að kynningu fyrir fundina. HS og formanni var falið að klára kynninguna með breytingum.Úthlutun heimsóknna. Stjórn skipti með sér fundunum til að tryggja að minnsta kosti einn stjórnarmann á hverjum stað.	MSS



	<p>2. Vinnuhópur um breytt atkvæðavægi. Vinnuhópurinn hefur skilað af sér greinargerð og lokaskýrslu um lagabreytingar vegna atkvæðavægis. Stjórn þakkar hópnum fyrir vel unnin störf. Bjarni Ingimarsson kynnti niðurstöður hópsins og fór yfir lagabreytingatillögur til að koma á mótis við mismunandi áherslur atvinnumanna vs hlutastarfandi varðandi atkvæðavægi og greiðslur í félagssjóð. Stjórn samþykkir tillögurnar fyrir sitt leyti. Stjórn hefur beðið fulltrúa úr nefndinni að koma með í heimsóknir stjórnar til deilda LSS og kynna helstu niðurstöður nefndarinnar. Stjórn þakkar Bjarna fyrir kynninguna.</p> <p>3. Fundur með þingmönnum 4. október. Haldinn var kynningar- og spjallfundur með 14 þingmönnum í kjördæmavíku Alþingis. Farið var yfir helstu mál varðandi bráðabjónustu utan spítala og málefni slökkviliðsmannsins. Hægt er að finna öll gögn sem tengdust fundinum á heimasíðu félagsins. Fundurinn tókst vel og góð umræða um helstu áskoranir félagsins. Þingmenn almennt jákvæðir í garð okkar starfstétta.</p> <p>4. Fundur með velferðarnefnd Alþingis 17. október. Núverandi og fyrrverandi formaður fagdeildar sjúkraflutningamanna mættu ásamt framkvæmdastjóra á fund velferðarnefndar Alþingis til að ræða utanspítalabjónustu (Bráðabjónusta utan spítala). Velferðarnefnd var að kynna sér betur þennan málaflokk og þær áskoranir sem sjúkraflutningamenn standa frammi fyrir.</p> <p>5. Fundur með umhverfisráðherra. Fyrirhugaður er fundur með umhverfisráðherra 2. nóvember.</p> <p>6. Námsstefna 12. nóvember um kulnun í starfi. Sálfræðingarnar á Lynghálslu hafa boðað til námsstefnu á meðal viðbragðsaðila um kulnun í starfi. Stjórn LSS samþykkir að taka þátt í þessari ráðstefnu.</p> <p>7. Málþing vegna fræðslu- og þjálfunarmiðstöðvar viðbragðsaðila. Lagt var fram uppfært vinnuhópablað vegna málþingsins og það samþykkt. Drög að dagskrá og stöðuskýrsla ásamt fjárhagsáætlun var lögð fram. Vinna gengur samkvæmt áætlun, skráning er byrjuð og auglýsing ætti að fara í loftið eigi síðar en á föstudag. Eins og staðan er í dag er ráðstefnan ekki að fullu fjármögnuð.</p>	MSS SDP SDP SDP HS HS
6.	Fjármál <ol style="list-style-type: none">1. Níu mánaða uppgjör. Verkefnum forgangsraðað þannig að fjármál séu í jafnvægi.2. Staða sjóða. Sjóðir í jafnvægi.3. Samningur vegna umsýslu orlofssjóðs. Samningur á milli LSS og orlofssjóðs lagður fram og hann samþykktur. Gerðir hafa verið samningar um umsýslu sjóða fyrir Starfsmenntunarsjóð og Styrktarsjóð LSS.4. Tilboð í nýja heimasíðu. Tilboð liggur fyrir í gerð nýrrar heimasíðu. Markmið að lækka daglegan rekstrarkostnað. Samþykkt að fara í verkefnið.5. Greiðsla inn á orlofssjóð. Stjórn samþykkir að greiða 3M inn á lánið á Grandavegi.	ÁP/GH
7.	Eldvarnarátakið 2018 <p>Eldvarnarátak LSS er 22. – 30. nóvember. Lækjaskóli í Hafnarfirði sér um opnunina á áttakinu og í tilefni dagsins verður gerð rýmingaræfing í skólanum og slökkviliðsmenn eru með erindi og sýna bílana. Nemendur í 3ja bekk fá afhenda söguna um Loga og glóð ásamt ýmsu stoðefni. Í lok áttaksins verður gerð rýmingaræfing í opinberri byggingu þar sem aðila er bjargað. Unnið er að nánari</p>	GH



	útfærslu. Birtingaráætlun verður sú sama og í fyrra. Fjármögnun gengur skv. áætlun. Handrit að teiknimyndinni fyrir eldvarnarátakið 2019+ er tilbúið og fer myndin í framleiðslu fljótlega.	
8.	Kjaramál <ol style="list-style-type: none">1. Þing BSRB. Varaformaður, gjaldkeri og meðstjórnandi LSS tóku þátt í þingi BSRB dagana 17- 19. október sl. Lögð verður áhersla á styttingu vinnuvikunnar í komandi kjarasamningum. Nýr formaður BSRB er Sonja Ýr Þorbergsdóttir. Formaður LSS er þriðji varamaður í stjórn BSRB.2. Kröfugerð stjórnar.3. Ný mál. Í lið 3-5.lagði HS fram fylgiskjal sem fylgir fundargerð en er ekki hægt að birta vegna persónuupplýsinga. Fjöldi skráðra mála eru: 134. Mál í vinnslu. Fjöldi mála eru: 21. Tvö mál þar af í dómsmeðferð.5. Málum lokið. Fjöldi mála: 106. Mál hjá samstarfsnefndum Það eru mál í vinnslu hjá eftirfarandi samstarfsnefndum:<ol style="list-style-type: none">a. LSS og SNS -10 mál. Stjórn samþykkir að SH mæti í stað MSS þegar hann kemst ekki á fundi.b. LSS og HSU – Skráð sem eitt mál, 9 – liðir.c. LSS og ISAVIA - Skráð sem eitt mál, 5 liðir7. Fundur með kjararáði 26. nóvember. MSS fór yfir skipulag fyrir kjararáðsfund. Skrifstofa boðar fundinn.8. Samningsumboð Neyðarvarða. Er í vinnslu.9. Trúnaðarmannanámskeið 29. – 30. október. Verður haldinn í sal BSRB, Grettisgötu 89. Skráðir þátttakendur eru 12. Farið verður í starfsemi félagsins og sjóði, kjarasamninga, lestur launaseðla og launaútreikningar.10. Kynning á reglugerð um starfsemi slökkviliða. Verður hjá Mannvirkjastofnun 8.-9. nóvember nk. Stjórn samþykkir að senda HS, MSS, SH á fundinn.	ÁP/SDP /SH MSS HS HS HS HS/SDP MSS HS GH MSS
9.	Orlofsmál <ol style="list-style-type: none">1. Fundargerð orlofsnefndar. Unnið er markvisst að því að íbúðir LSS sé viðhaldið reglulega og hefur það gengið vel. Í fundargerð orlofsnefndar er búið að lista upp verkefnalista varðandi aðkallandi viðhald fyrir veturinn. Fyrirhugaður fundur hjá orlofsnefnd er 9. nóvember.2. Skálatún – Hálöndin. Verð er komið á 105 fermetra íbúð í Hálöndunum, sem 43,9M. Söluverðmat á neðri íbúðina í Skálatúni er 35,9M og því er um að ræða hátt í 10M króna verðmun þegar búið er að taka öll gjöld með. Stjórn ákvað að hætta við söluferlið og tryggja að íbúðirnar í Skálatúni verði með besta móti.3. Spánn. ÁP fékk tilboð í að leigja íbúð til tveggja ára. Leiguverðið var miklu hærra en fyrstu hugmyndir gáfu til kynna. Niðurgreiðsla með íbúðunum myndi eyða öllum sveigjanleika sjóðsins til að greiða niður lánið á Grandavegi. Stjórn samþykkti að leita að hagkvæmari íbúðum. ÁP og GH falið að vinna málið áfram.	ÁP
10.	Önnur mál <ol style="list-style-type: none">1. Bráðabjónusta utan spítala og þylumál. Viðar Magnússon, yfirlæknir bráðabjónustu utan spítala, reifaði skýrslu um þylumálin og sitt sérálit og ræddi um bráðabjónustu utan spítala Stjórn LSS fól fagdeild sjúkraflutninga að móta stefnur félagsins í málum um utanspítalabjónustu og kynna. Fagdeildin er hvött til að kalla til aðila sem hafa þekkingu og reynslu í þeim málum. Formanni	Allir



	fagdeildar sjúkraflutningamanna er falið að koma því álit á framfæri við rétta aðila. Stjórn þakkar VM fyrir komuna.	
--	--	--

	2. Evrópufundur EFFUA. Stjórn samþykkir að taka ekki þátt að þessu sinni og beina spjótum sínum í ár að innri starfi félagsins.	
--	--	--

Fleira er ekki tekið fyrir og fundi er slitið kl. 14:48

Fundargerð ritar HS.